



Aðalfundur Norðurlandsdeildar eystri starfsárið 2017-2018

Á síðasta aðalfundi var Málfríður Stefanía ljósmóðir með fyrirlestur um heima- eða sjúkrahúsafæðingar. Mikil umræða spannst og sögðu komur reynslu sína af fæðingum, mjög skemmtilegar umræður. Eftir fyrirlesturinn hófust venjuleg aðalfundarstörf.

Þær sem voru kjörnar í stjórn:

Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, formaður
Freydís Anna Ingvarsdóttir, varaformaður
Kristín Helga Stefánsdóttir, gjaldkeri
Bergþóra Heiðbjört Bergspórsdóttir, ritari
Harpa Hlín Jónsdóttir, meðstjórnandi
Ingibjörg Ósk Helgadóttir, varamaður.

Kjörnefnd:

Guðrún Ásdís Ásmundsdóttir
Ragna Kolbrún Ragnarsdóttir
Freydís Anna Ingvarsdóttir

Nú verður farið yfir síðasta starfsár.

Nokkrir stjórnarfundir voru haldnir, einnig facebook samskipti ásamt símhringingum, en oftast gekk frekar erfiðlega að koma stjórninni saman.

Fyrsti fyrirlesturinn sem var haldinn var um Meðvirkni sem Hörður Oddfríðarson hélt sem var alveg ágætlega sóttur.

Næst héldum við spákonukvöld en þar var ekki góð mæting þar sem þetta hitti á Sprengidag.

Við Kristín Helga fórum í VMA að heimasækja sjúkraliðanemana og kynna fyrir þeim bæði deildina og félagið. Alltaf gott að hitta nemana og alveg nauðsynlegt. Í vor útskrifuðust 4 sjúkraliðar frá VMA og við sendum þeim rós og bækling í tilefni dagsins.

Framboð til formanns SLFÍ. Hingað norður komu 2 formannsefni þær Sandra Bryndísardóttir Franks og Sigurlaug Björk J. Fjeldsted en ég auglýsti fyrir þær og kom á fundum í heimahjúkrun, Hlíð og á SAK og var bara nokkuð góð mæting. Hlaut Sandra kosningu með 71% greiddra atkvæða, óskum henni enn og aftur til hamingju.

12. apríl fórum við í vorferð með sjúkraliðum á Norðvesturlandi á Ólafsfjörð og fórum í skoðunarferð um Hornbrekku og Heilsugæsluna. Elín Arnardóttir var með kynningu á verksviði áfallateymis og svo fórum við á pizzahlaðborð. Mjög skemmtileg ferð.

26. apríl sóttum við Kristín Helga ráðstefnu á Icelandair hótél í Reykjavík um réttindi aldraðra með áherslu á þjónustu.

30. apríl var svo fyrirlestur um innkirtlakerfið. Börkur Hersteinsson fór yfir efnið með okkur, talaði í tæpa 2 tíma án þess að hafa nokkuð til að styðjast við svo sem glærur eða minnispunkta, alveg magnað hjá honum.

Á síðasta aðalfundi var ákváðum við að taka að okkur þrif á Holtalandi 7 og 9. Við erum búnar að þrifa annan bústaðinn, mættum 10 galvaskar konur og margar hendur vinna létt verk en þessi peningur fer í ferðasjóð.

Þær Amelía Ósk og Bergrós Vala sem tóku þátt í Íslansdmótinu í Verk- og iðngreinum, tóku þátt í keppninni Nordic Skills í Ósló í Noregi. En það er Norðurlandamót þar sem sjúkraliðar frá Norðurlöndunum keppa sín á milli. Þetta er einstaklingskeppni og þjálfarinn þeirra var Helga Margrét Jóhannesdóttir. Þær stöllur gerðu sér lítið fyrir og urðu í öðru sæti en bæði SLFÍ og DSNE styrktu fær fjárhagslega, óskum við þeim til hamingju.

Í júní fór ég svo með félagsstjórn SLFÍ til Færeyja á EPN ráðstefnu, sem er alltaf jafn fræðandi.

Langar mig að hvetja ykkur til að skrá ykkur á námskeiðin sem Helga Dögg hefur séð um. Sendum henni miklar þakkir fyrir að standa í þessu fyrir okkur.

Nú vil ég þakka öllum sem störfuðu fyrir deildina kærlega fyrir og minna ykkur á opið hús í Holtalandi á laugardaginn frá kl 14.

Haldinn á Bryggjunni 11. október kl. 19,

trúnaðarmannafundur kl. 18.

Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, formaður DSNE